

2021

Þriðjudaginn 8. desember 1992.

Nr. 478/1991. **Konráð Vilhjálmsson**

gegn

**Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.**

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Með mál þetta hefur eftir 1. júlí sl. verið farið sem kærumál eftir 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Lögmaður hefur sent Hæstarétti vörn fyrir varnaraðila, og skýrir hann svo frá, að Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hafi tekið við réttindum og skyldum Verðbréfasjóðs Fjárfestingarfélagsins hf.

Fram hefur verið lögð áfrýjunarstefna, gefin út 29. nóvember 1991, þar sem segir, að Steingrímur Þormóðsson lögmaður áfrýi fyrir hönd Konráðs Vilhjálmssonar fjárnámi í fógetaréttarmáli nr. A 43/1991. Fjárnámið var gert af fógeta í Skagafjarðarsýslu. Gerðarbeiðandi í því máli var Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf., en gerðarþoli Konráð Vilhjálmsson. Þá hefur verið lagt fram áfrýjunarleyfi, gefið út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. nóvember 1991, þar sem veitt er leyfi til áfrýjunar fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetaðómi Skagafjarðarsýslu 17. júlí 1991 í máli, sem auðkennt er A 41/1991. Aðilar voru sagðir hinir sömu og fyrr greinir.

Af gögnum málsins verður ráðið, að tvö fjárnám voru gerð 17. júlí 1991 í eignum sóknaraðila, Konráðs Vilhjálmssonar, bæði að kröfu Verðbréfasjóðs Fjárfestingarfélagsins. Annað var auðkennt A 41/1991 og hitt A 43/1991. Þar sem tilgreint númer er ekki hið sama í áfrýjunarstefnu og í áfrýjunarleyfi, verður að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Varnaraðili hefur krafist kærumálskostnaðar. Ber að taka þá kröfu til greina, svo sem nánar segir í dómsorði.

2022

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Konráð Vilhjálmsson, greiði varnaraðila, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

---